

Fjallskilanevnd Ölfus.

Fundur Fjallskilanevndar Ölfus haldinn í Ráðhúsi Ölfus 16.03.2022 kl; 17.00.

Mættir; Björn Kjartansson formaður, Baldur Guðmundsson, Halldór Guðmundsson, Charlotte Clausen, Snorri Þórarinnsson og Páll Stefánsson sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fund og bíður menn velkomna.

1. Álagning fjallskila 2021 - samantektir og uppgjör (sjá fylgirit).

Fjöldi dagsverka:	160 (í fyrstu og annarri leit)
Aukaleitir:	8 dagsverk
Útréttir:	9 dagsverk
Leitarstjórn:	4 dagsverk
Réttarstjórn:	2 dagsverk
Akstur:	770 km.

Taxtar:

Dagsverk;	kr. 8000.-
Útréttir;	kr. 5000.-
Leitar- og réttarstjórn;	kr. 12.000.-
Aukaleitir;	kr. 11.000.-
Akstur;	kr. 130/km

Samtals kostnaður vegna fjallskila er því; 1.585.100.-

Fjöldi fjár í sveitarfélaginu veturinn 2020-2021 eru 1227 kindur.

Skipting kostnaðar er samkvæmt samþykktum Sveitarfélagsins með eftirfarandi hætti;

Sveitarfélagið Ölfus greiðir 30 % kostnaðar kr; 475.530.-

Fjáreigendur greiða 70 % kostnaðar kr; 1.109.570.-

Kostnaður hverja vetrarfóðraða kind verður því kr; 905.-

CC
SP
PSSK
VSK

2. Erindi frá fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps.

Efni; Möguleg breyting á legu höfuðborgargirðinar. (Sjá fylgirit/erindi/ með fundargerð).

Í þessu erindi er farið fram á það við fjallskilanevnd Ölfus að taka afstöðu til breytinga á legu svokallaðrar höfuðborgargirðinar í landi Ölfus (syðsta hluta).

Þar er farið fram á að fjallskilanevnd taki afstöðu til tveggja tillagna um breytingar girðingarstæðisins sem lokar af ágang sauðfjár í Sveitarfélaginu (á Ingólfsfjalli) til að uppfylla kröfur um lausagöngubann, með röksemdum um að léttara verði að smala bæði fyrir Ölfus, Grímsnes- og Grafningshrepp. Í þessu felst m.a. að stór hluti beitar á Ingólfsfjalli verði aflagður.

Nokkrar umræður urðu um málið í nefndinni og varð niðurstaðan sú að þær tillögur tvær sem lagðar eru fram í erindi Grímsnes- og Grafningshrepps séu þess eðlis að erfitt sé á þessu stigi málsins fyrir fjallskilanevndina að taka afstöðu til svo mikilsverðrar ákvarðanar (breyting á landnytjum/ beit).

Til þess að nefndin geti tekið afstöðu þurfa að fara fram viðræður á milli málsaðila, þá sérstaklega við landeigendur sem hlut eiga að máli, þ.e. landeigendur jarðanna Gljúfurs og Hvamms í Ölfusi.

Felur nefndin formanni að vinna málið áfram í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.30.

BJÖRN KJARTANSSON
Þórr Þórorinsson
Jón Helgísson
Baldur Guðmundsson

Hallgrímur Guðmundsson
Charlotte Clausen